



AÐALSTÖÐVAR

HEADQUARTERS: KELDNAHOLT, IS-112 REYKJAVÍK, ICELAND

KENNITALA

I.D. no.:

530269-3109

Alþingi

Erindi nr. Þ 130/723

komudagur 8.1.2004
723

SÍMI

TELEPHONE: (354) 577 1010

MYNDSENDIR

TELEFAX: (354) 577 1020

REYKJAVÍK,

23.12.2003

1-120

ÞT/-

Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi, 303. mál.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið og fellst á nauðsyn þess að kveða með skýrari hætti á um einkaleyfi á sviði líftækni og að gæta þess að ákvæðin samræmist alþjóðlegum skuldbindingum. Hins vegar þykir ástæða til að gera athugasemdir við notkun hugtaka.

Í 3. mgr. 1. gr. stendur: “Með plöntuafbrigði í þessum lögum er átt við plöntuafbrigði eins og það er skilgreint í lögum um yrkisrétt, nr. 58/2000.” Við þetta er það að athuga að í umræddum lögum er ekki talað um plöntuafbrigði heldur yrki. Eðlilegra orðalag væri því:

“Með yrki í þessum lögum er átt við yrki (afbrigði eða stofn af plöntutegund) eins og það er skilgreint í lögum um yrkisrétt, nr. 58/2000.” eða:

“Með plöntuyrki í þessum lögum er átt við yrki eins og það er skilgreint í lögum um yrkisrétt, nr. 58/2000.”

Frumvarpið ber þess merki að hugtök hafa verið þýdd, sennilega úr ensku. Greinilegast er þetta í síðustu setningu 1. gr.: “Með líffræðilegu efni er í lögum þessum átt við efni sem hefur að geyma upplýsingar um erfðaeefni og getur fjölgað sé sjálft eða unnt er að fjölga í líffræðikerfi.”

Líffræðilegt efni mun vera þýðing á e. ‘biological material’. Umrætt efni er ekki að neinu leyti “fræðilegt”. Biological er oft réttilega þýtt sem líffræðilegt, en þó mun hitt oftast að það er ýmist óheppileg eða röng þýðing, og svo er hér. Tillaga að breyttu orðalagi er:

“Með lífefni er í lögum þessum átt við efni sem hefur að geyma erfðaupplýsingar og getur fjölgað sé sjálft eða unnt er að fjölga í lífkerfi.” eða:

“Með fjölgaanlegu lífefni er í lögum þessum átt við efni sem hefur að geyma erfðaupplýsingar og getur fjölgað sé sjálft eða unnt er að fjölga í lífrænu ferli.”

Miklu máli skiptir að löggjöfin sé með góðu orðalagi þar sem hún getur orðið fyrirmynd um málnotkun.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Tómasson
-forstjóri-